

Ed.

439. Tillaga

til þingsályktunar um strandferðir.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi felur landsstjórninni að semja við h/f Eimskipafjelag Íslands um strandferðir árin 1916 og 1917 á grundvelli samnings þess, er landsstjórnin gerði við Eimskipafjlagið 4. febrúar 1914, en að öðru leyti með því fyrirkomulagi og þeim kjörum, sem hjer segir:

1. Strandferðaskip sjeu tvö, hæði eins að allri gerð og fyrirkomulagi. Farmrúm hvers skips sje hjer um bil 30,000 teningsfet, ganghraði 9 mílur á vöku með fullfermi. Farrými sjeu 3 í strandferðum, er rúmi 40 manns á fyrsta

farrými, 50 á öðru og um 100 á þriðja (í lest). Kæfirúm sjeu í skipinu að minsta kosti 1200 teningsfet í hvoru.

2. Ferðir hefjist eigi síðar en um miðjan apríl hvort árið og hætti eigi fyr en um miðjan nóvember. Ferðaáætlun sje sem líkust áætlun þeirri, er prentuð er á þgskj. 364, fylgiskj. IX., ferðir eigi færri en þar greinir og viðkomustaðir eigi færri.
3. Farmgjöld og fargjöld sjeu eigi hærri en nú eru.
4. Fyrir ferðir þessar fá Eimskipafjelagið alt að 77,300 króna styrk úr landsjóði hvort árið.